

Rangárþing eystra  
Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Austurvegi 4  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 13. október 2023  
UST202309-263/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Mosar- Rangárþing eystra**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 25. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Mosa í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 1,8 ha að stærð þar sem verða stofnaðar tvær lóðir, önnur fyrir skála og hin fyrir hesthús. Auk þess segir að skilgreindir eru tveir byggingarreitir, B1 þar sem heimilt er að byggja allt að 100 m<sup>2</sup> skála og um 25 m<sup>2</sup> skálavarðarhús/geymslu og B2 þar sem heimilt er að viðhalda núverandi hesthúsi og/eða byggja nýtt, samtals allt að 80 m<sup>2</sup>.

#### **Göngu - og reiðleið**

Umhverfisstofnun telur æskilegt að hestagerðið sé sýnt á upprætti. Í greinargerð segir að svæðið er vel tengt reiðleiðum og göngu- og hjólastígum samkvæmt aðalskipulagi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna göngu - og reiðleið á upprættinum.

#### **Umferð ríðandi manna.**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 20. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir að þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Bannað er að reka yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljótist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum. Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín. Heimilt er mönnum, að fengnu leyfi eiganda eða rétthafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðholðum eða næturhólfum fyrir hross, enda valdi það ekki spjöllum á náttúru landsins. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur. Þegar farið er á hestum um eða höfð viðdvöl með hross á náttúruverndarsvæði, sbr. XIV. kafla, þar sem starfandi er landvörður eða umsjónaraðili skal haft samráð við hann.<sup>1</sup>

#### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Emstrur og Fjallabak og er númer 761 sem aðrar náttúruminjar (C - hluti náttúruminjaskrár).

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Svæðinu er lýst sem stórbrotu og fjölbreyttu landslagi. Vinsælt útvistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.<sup>2</sup>

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að svæðið sé afmarkað á uppdrætti<sup>3</sup> og fjallað um það í greinargerð tillögunnar og fram komi áhrif tillögur á ásýnd svæðisins og fjallað um í kafla 5 hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að náttúruminjaskrá sé höfð sem viðmið í töflu 3 undir umhverfisþættinum *Náttúru- og menningarminjar*.

## Fráveita

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita eða hreinsivirk, eins og kemur fram á uppdrætti, í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum.

## Vindrafstöð

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að huga að umhverfisvænum orkukostum í tillöggunni, Umhverfisstofnun bendir á að hæð 4 kV vindrafstöðva er ekki mikil, en hæð þeirra er mismunandi.

Því segir afl rafstöðvarinnar ekkert til um umhverfisáhrif hennar heldur hæð sem getur haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja skilyrði um hæð stöðvarinnar og meta umhverfisáhrif vindrafstöðvarinnar með tilliti til ásýndar og landslags.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**

---

<sup>2</sup> <https://ust.is/natura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/sudurland/>

<sup>3</sup> <https://naturuminjaskra.ni.is/>